



Mál nr. 1/2008: Dómur frá 30. apríl 2008

30.4.2008

Ár 2008, miðvikudaginn 30. apríl, var í Félagsdómi í málinu nr. 1/2008:

Félag prófessora við ríkisháskóla

gegn

íslenska ríkinu,

Félagi háskólakennara,

Félagi háskólakennara á Akureyri og

Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands

kveðinn upp svofelldur

D Ó M U R :

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 8. apríl sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Kristján Torfason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsón.

Stefnandi er Félag prófessora við ríkisháskóla, Loftskæptastöðinni v/Suðurgötu, Reykjavík.

Stefndu eru íslenska ríkið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík, Félag háskólakennara, kt. 570172-0699, Loftskæptastöðinni, Reykjavík, Félag háskólakennara á Akureyri, kt. 600392-2399, Þingvallastræti, Akureyri og Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands, kt. 570178-0329, Stakkahlíð, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

1. Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að Félag prófessora við ríkisháskóla fari með samningsumboð fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga við stefnda, íslenska ríkið, vegna starfa þeirra sem prófessorar við ríkisháskóla.
2. Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefnda íslenska ríkinu sé óheimilt að halda eftir af launum prófessora við ríkisháskóla, sem eru félagsmenn í Félagi prófessora við ríkisháskóla, gjöldum samkvæmt 2. málsg. 7. gr. laga nr. 94/1986 til Félags háskólakennara, Félags háskólakennara á Akureyri og Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands.